

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu í Árborg.

1. gr.

Bæjarstjórn Árborgar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið er árlega sem hér greinir:

- A) Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 7.500 á íbúð.
 Gjaldið skal innheimta með fasteignagjöldum.
- B) Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar.
 Gjaldið miðast við magn úrgangs og er samkvæmt eftirfarandi flokkum:

Flokkur	kr.	Flokkur	kr.
1	10.000	6	143.000
2	20.000	7	187.000
3	29.000	8	235.000
4	60.000	9	281.000
5	95.000	10	332.000

Aðilar sem sjálfir annast flutning á úrgangi sínum á eyðingarstað greiði 50% af gjaldi viðkomandi flokks í gjaldskrá B.

Bæjarstjórn skipar aðilum í flokka eftir magni úrgangs.

Gjald dagi er 1. apríl. Dráttarvextir reiknast 30 dögum eftir gjalddaga.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Árborgar, staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. febrúar 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SAMÞYKKT

um sorphirðu og hreinsun opinna svæða á Seltjarnarnesi.

1. gr.

Seltjarnarnesbær annast sorphirðu (sorpeyðingu og sorphreinsun almenns húsasorps) og hreinsun opinna svæða á Seltjarnarnesi samkvæmt ákvæðum þessarar samþykktar og fer sorphirða fram undir stjórn tæknideildar Seltjarnarnesbæjar og eftirliti Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

2. gr.

Verktakar sem annast sorphreinsun samkvæmt samningi við Seltjarnarnesbæ skulu hafa til þess starfsleyfi heilbrigðisnefndar.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda á Seltjarnarnesi er skylt að nota þær aðferðir og ílát við sorpgeymslu og hreinsun sem bæjarstjórn, í samráði við heilbrigðisnefnd, ákveður.

4. gr.

Sorpgeymslur skulu vera aðgengilegar fyrir sorphirðumenn, og standa sem næst aðkomu að lóð. Þær skulu staðsettar saman ef um fjölbýlishús er að ræða. Húsráðendur skulu halda tunnum hreinum, hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda greiðfærri leið að þeim, svo unnt sé að annast hreinsun.

5. gr.

Seltjarnarnesbær leggur íbúðum og fyrirtækjum til sorpílát þegar breytingar eru gerðar á fyrirkomulagi sorphirðu, sbr. 3. gr. samþykktar þessarar. Fyrirtækjum og aðilum, sem þurfa stærri sorpílát, gefst kostur á að leigja sorpílát samkvæmt gjaldskrá sem bæjarstjórn setur.

6. gr.

Í sorpílátin má aðeins setja neysluúrgang, þ.e. venjulegt heimilissorp, í samræmi við nánari fyrirmæli sem kunna að verða sett um flokkun úrgangs, sbr. 3. gr. Ekki má setja í sorpílát mold, grjót, byggingarefni, garðaúrgang o.þ.h. Spilliefni, lyf og annar hættulegur úrgangur má ekki fara í sorpílát. Glerbrotum og öðrum oddhvössum hlutum, sem hætta er á að skaði þá sem meðhöndla úrgang eða sorpílát, skal pakkað inn eða gengið frá þeim á annan tryggilegan hátt. Gæta skal þess að fylla ekki sorpílátin meira en svo að auðveldlega megi loka þeim.

7. gr.

Sorphreinsun almenns heimilissorps fer fram eigi sjaldnar en á 14 daga fresti. Bæjarstjórn ákveður í samráði við heilbrigðisnefnd hversu oft sorphreinsun fer fram á vegum bæjarfélagsins. Flokkaðan úrgang er heimilt að hirða sjaldnar. Æski húsráðendur að úrgangur verði fjarlægður oftari bera þeir sjálfir kostnað af slíkum viðbótarhreinsunum.

8. gr.

Spilliefnum, hættulegum úrgangi og öllu öðrum úrgangi en heimilissorpi skal skila á endurvinnslustöð Sorpu. Jarðvegsefnum skal komið fyrir á sérstökum losunarstað fyrir jarðvegsefni samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar hverju sinni.

9. gr.

Fyrirtæki og stofnanir skulu sjálf sjá um sorphirðu, enda greiði þau ekki sorphirðugjald til sveitarfélagsins. Seltjarnarnesbær getur tekið að sér að annast sorphirðu fyrir fyrirtæki og stofnanir gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá. Frágangur og umgengni um sorpílát svo og flutningur á úrgangi frá fyrirtækjum og stofnunum, skal vera í samræmi við fyrirmæli heilbrigðiseftirlits.

10. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að að innheimta sorphirðugjöld fyrir sorphirðu á vegum bæjarins samkvæmt gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign

sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast við stærð og fjölda íláta og hvort um er að ræða flokkað eða óflokkað sörp og tíðni sorphirðu. Heimilt er að innheimta sorphirðugjöld hjá fyrirtækjum eða stofnunum samkvæmt rúmmáli og/eða þyngd eða sérstöku samkomulagi við bæjaryfirvöld. Bæjarstjórn er heimilt að takmarka fjölda sörpíláta við hverja fasteign. Heimilt er að leggja á aukaálag ef aðgengi er erfitt.

11. gr.

Kvörtunum vegna sorphirðu á vegum Seltjarnarnesbæjar skal bera upp við starfsmenn áhaldahúss bæjarins. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn hjá bæjaryfirvöldum, getur hann skotið málinu til Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

12. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð eða geymslu úrgangs skulu sorphirðumenn tilkynna það heilbrigðiseftirliti.

13. gr.

Ekki má henda rusli, garðaúrgangi eða sorpi á opin svæði, götur, gangstíga eða fjörur innan bæjarmarkanna, eða skilja þar eftir númerslausa bíla, vélar og önnur tæki. Starfsmenn áhaldahúss Seltjarnarnesbæjar hafa í umboði heilbrigðisnefndar, eftirlit með því að hlutir séu ekki geymdir þannig að í bága fari við heilbrigðisreglugerð. Þetta á t.d. við um númerslausar bifreiðar, bílflök, kerrur, báta, tæki eða vinnuvélar. Þeim er heimilt að fjarlægja slíka hluti að undangenginni viðvörun sem límd hefur verið á tækið. Ákvörðun þar að lútandi er heimilt að skjóta til heilbrigðisnefndar.

14. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

15. gr.

Samþykkt þessi sem samþykkt er af bæjarstjórn Seltjarnarness er hér með staðfest samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 8. febrúar 1999.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

fyrir hundahald í Snæfellsbæ árið 1999.

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. c. lið 2. gr. samþykktar nr. 384/1995 um hundahald í Snæfellsbæ, skal vera kr. 9.000 á árinu 1999.